

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 26. nóvember 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 18/149

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMc) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (PSÆ)
Gestir	Byggðastofnun (Eva Pandora Baldursdóttir og Aðalsteinn Þorsteinsson)

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 17/149 samþykkt.

2. Þingmannabréf

60 sekúndna stöðutaka á mann.

3. Bréf þingflokksformanns

Farið yfir fundi þingflokksformanns með forseta og þingflokksformönnum. Rætt um fyrirkomulag kvöldfunda. Rætt um neitun ráðuneyta í að mæta fyrir þingnefndir til að ræða þingmannamál.

4. Dagskrá þingsins

Farið yfir dagskrá þingsins og þingvakt ákveðin.

5. Bréf úr forsætisnefnd

JPÓ greindi frá helstu atriðum á fundi forsætisnefndar.

6. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum.

7. Byggðastofnun

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, og Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnastjóri Brothættra byggða, komu og kynntu fyrir okkur verkefni Byggðastofnunar um brothætta byggðir. Farið var yfir tilurð verkefnisins og hverju það hefur skilað til samfélagsins.

8. Fullveldisdagurinn

Viðvera þingmanna 1. desember á opnu húsi ákveðin.

9. Önnur mál

Spjallsvæði Pírata

HHG kynnti að spjall.piratar.is er komið upp og í notkun.